

# TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

## Reglur

Leiðbeiningar fyrir umsækjendur

**Skilafrestur er til kl. 17:00 15. febrúar 2014**

Frekari upplýsingar veita		
Sigurður Björnsson	<a href="mailto:sigurdur@rannis.is">sigurdur@rannis.is</a>	515 5801
Björn Víkingur Ágústsson	<a href="mailto:bjornv@rannis.is">bjornv@rannis.is</a>	515 5814
Ragnhildur Guðmundsdóttir	<a href="mailto:ragnhildur@rannis.is">ragnhildur@rannis.is</a>	515 5815
Lýður Skúli Erlendsson	<a href="mailto:lydur@rannis.is">lydur@rannis.is</a>	515 5810

Efnisyfirlit

<b>TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR</b> .....	1
<b>Reglur</b> .....	1
<b>Leiðbeiningar fyrir umsækjendur</b> .....	1
<b>Skilafrestur er til kl. 17:00 15. febrúar 2014</b> .....	1
Frekari upplýsingar veita .....	1
1. Inngangur .....	4
2. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs .....	4
3. Tengsl við aðra sjóði og fjárfesta .....	5
4. Úthlutanir .....	6
Frumherjastyrkir .....	6
Verkefnisstyrkir .....	6
Markaðsstyrkir .....	7
Almennt .....	7
5. Umsókn og faglegt mat .....	7
Faglegt mat .....	8
Umsókn .....	8
Nýnæmi (N) .....	9
Líkur á árangri (L) .....	10
Verðmæti (V) .....	10
Önnur gildi .....	10
Reiknireglur í matsferli fagraðs .....	11
Ákvörðun um úthlutanir .....	11
Framhaldsverkefni .....	12
Trúnaður og vanhæfi .....	12
Samþykkt verkefni eða synjun .....	12
6. Samningar um framkvæmd verkefna .....	13
7. Eignarréttur á niðurstöðum .....	13
8. Eftirfylgni verkefna og greiðslur .....	13
Framvinduskýrsla .....	14
Áfangaskýrsla / Ársskýrsla .....	14
Lokaskýrsla .....	14
Framlög til verkefna .....	14
9. Forverkefni .....	15

10. Leiðbeiningar við gerð á kostnaðaryfirliti .....	15
Viðurkenndir kostnaðarliðir eru:.....	15
Einstakir kostnaðarliðir: .....	16
Laun og launatengd gjöld.....	16
Rekstrarvörur .....	16
Aðkeypt þjónusta .....	16
Ferðir og fundir .....	16
Afskriftir áhalda og tækja.....	16
Samrekstur og aðstaða – óbeinn kostnaður (e. Overhead) .....	17
Hvaða kostnað styrkir Tækniþróunarsjóður? .....	18
Viðurkenndur heildarkostnaður sem sjóðurinn fjármagnar:.....	18
Sjóðurinn fjármagnar ekki:.....	19

## 1. Inngangur

Tækniþróunarsjóður er veigamikill hluti þeirrar skipunar sem mótast af starfsemi Vísinda- og tækniráðs. Hlutverk hans er að styðja þróunarstarf og rannsóknir sem mikilvægar eru til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um tækniþróun og nýsköpun og sem leiða til endurnýjunar og bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Markmiði sínu nær sjóðurinn með því að hlúa að yfirfærslu þekkingar til atvinnulífsins og þróun hugmynda sem leitt geta til nýrrar þjónustu eða afurðar. Veigamikill þáttur er þróun vísindalegra og tæknilegra lausna svo þær geti leitt af sér tilætlaðan ávinning. Einnig er tekið mið af því að nýsköpun byggir á fjölmörgum öðrum og ólíkum þáttum eins og nýrri og framsækinni hönnun, verkfræði, nýjum framleiðsluháttum og annarri frumvinnu, sem getur leitt til aðkomu framtaksfjárfesta að nýsköpunarverkefninu eða fyrirtækinu sjálfu. Þessi frumvinna getur til dæmis verið grunnvinna til að styrkja tæknilegar og viðskiptalegar forsendur auk kynningarefnis um sprotafyrirtækið sem er forsenda fyrir aðkomu framtaksfjárfesta.

Tækniþróunarsjóður starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (nr. 75/2007). Hann heyrir undir atvinnu- og nýsköpunarráðherra, sem skipar sex manna stjórn hans. Stjórnin er ábyrg gagnvart ráðherra og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs, sjá nánar á <http://www.vt.is/>.

Vakin er athygli á að stjórn sjóðsins hefur skilgreint þrjú verkefnaflokkar til að ná betur til hins breiða hóps umþjóðenda sinna auk þess að gerðar eru kröfur um að umsækjendur geri grein fyrir þeim verðmætum sem leiða af verkefninu, ef þróunarstarfið gengur eftir. Ætlast er til að umsækjendur setji þróunarstarfið í samhengi við ávinninginn og setji upp einfalda viðskiptaáætlun. Mælt er með að umsækjendur byrji á viðskiptaáætluninni og gangi síðan frá umsókninni, sem eðlilegu framhaldi viðskiptaáætlunarinnar.

## 2. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs

Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður og auglýsir umsóknarfresti sem nú eru tveir á ári. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs, m.a. með því að:

- styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins,
- styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja,
- fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna,

- styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi.

Stjórnin markar sjóðnum stefnu í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Hún setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Fagráðin eru skipuð einstaklingum sem hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Stjórnin getur leitað ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins veita ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar.

Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar. Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan, skilgreindan, efnahagslegan og/eða þjóðhagslegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Tækniþróunarsjóður setur árangurstengd viðmið um afrakstur og ávinning fyrir verkefni sem hljóta stuðning hans. Litið verður til áhrifa framlaga sjóðsins á nýsköpun í atvinnulífinu m.a. tilurð nýrrar þekkingar, fjölda nýrra afurða og þjónustu og hugverkaréttinda þ.m.t. einkaleyfi. Einnig verður fylgst með þátttöku framtaksfjárfesta í verkefnum sem sjóðurinn hefur stutt.

### 3. Tengsl við aðra sjóði og fjárfesta

Tækniþróunarsjóður kappkostar að eiga gott samstarf við aðra sjóði með svipuð markmið sem og framtaksfjárfesta. Líklegt er að verkefni sem Rannsóknasjóður hefur stutt komi á síðari stigum inn á borð Tækniþróunarsjóðs og að verkefni sem Tækniþróunarsjóður hefur stutt muni hafna í einni eða annarri mynd hjá Nýsköpunarsjóði og/eða öðrum framtaksfjárfestum.

Tækniþróunarsjóður samþykkir alla jafna ekki framlög úr öðrum innlendum opinberum samkeppnissjóðum sem mótframlag til verkefna. Frá þessu má víkja þegar um samfjármögnun með öðrum sjóðum er að ræða þó þannig að opinber stuðningur getur ekki verið hærri en 70% af heildarkostnaði verkefnis. Samfjármögnun getur verið með samkeppnissjóðum innan háskóla, AVS, markáætlun Vísinda- og tækniráðs og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Umsækjendum er skylt að upplýsa Tækniþróunarsjóð um umsóknir til annarra sjóða vegna verkefna sem sótt er um stuðning til hjá Tækniþróunarsjóði. Misbrestur á þessu mun leiða til frávísunar umsóknar.

## 4. Úthlutanir

Tækniþróunarsjóður er fjármagnaður af ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

Sjóðurinn mun beina kröftum sínum að því að styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki og að því að styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja. Sjóðurinn mun þó ekki eiga beina aðild að sprotafyrirtækjum.

Umsóknir skal senda rafrænt til Tækniþróunarsjóðs á sérstökum umsóknareyðublöðum, sem finna má á vefsíðu Rannís; [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Stjórn sjóðsins hefur skilgreint þrjá verkefnaflokka til að mæta betur þörfum viðskiptavina sinna og velur umsækjandi þann flokk er hann sækir í.

### Umsóknafrestur

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. september. Beri þessa daga upp á helgi færast umsóknarfrestur fram til næsta virka dags. Nauðsynlegt er að stofna umsókn í rafrænu skráningarkerfi Tækniþróunarsjóðs fyrir klukkan 17:00 á lokadegi, en umsækjandi hefur möguleika á að senda inn umsóknina allt til miðnættis sama dag. Þegar umsókn er send fær umsækjandi tímasettan tölvupóst sem staðfestingu á móttöku umsóknar. Eingöngu er tekið tillit til þeirra umsóknagagna sem berast fyrir miðnætti á lokadegi. Eftir klukkan 17:00 á lokadegi er engin aðstoð veitt á vegum Tækniþróunarsjóðs. Umsækjendur eru því hvattir til að vera tímanlega í að skila inn umsókn.

### Frumherjastyrkir

Frumherjastyrkir eru sniðnir að þörfum sprotafyrirtækja og frumkvöðla með verkefni á byrjunarstigi. Frumherjinn er sjálfur í fyrirrúmi og hyggst eða hefur stofnað fyrirtæki um hugmynd sína. Gert er ráð fyrir að aðkeypt þjónusta rannsóknastofnana og háskóla sé að öllu jöfnu innan við 20% af styrkuppþæð. Nýnæmi er mikið og rannsóknarþáttur verkefnisins er verulegur.

Verkefnin eru einungis styrkt til 2ja ára að hámarki 7 milljónir hvort ár. Gerð er krafa um 25% mótframlag umsækjenda. Gert er ráð fyrir að umsækjendur sækji um verkefnisstyrk í framhaldi af frumherjastyrk ef niðurstaða gefur tilefni til.

### Verkefnisstyrkir

Verkefnisstyrkir eru ætlaðir til að styrkja verkefni sem eru komin af frumstigi hugmyndar. Áætlað er að um það bil 2/3 af ráðstöfunarfé sjóðsins fari til verkefnisstyrkja, þ.m.t. nýir styrkir og framhaldsstyrkir.

Hámarksframlag til verkefna getur numið allt að 45 milljónum króna samanlagt á þremur árum, 30 milljónum króna á tveimur árum eða 15 milljónum króna á einu ári, sem getur dreifst misjafnt á stuðningsárin allt eftir framgangi verkefnisins og fjárþörf. Gerð er krafa um

50% mótframlag umsækjenda. Unnt er að sækja um stuðning til allt að þriggja ára en stjórn sjóðsins staðfestir framlög til eins árs í senn. Áframhaldandi stuðningur er háður framvindu og að skilað sé umsömdum árangri.

## Markaðsstyrkir

Markaðsstyrkir eru ætlaðir fyrirtækjum sem eru að komast á legg og eru með veltu undir 300 milljónum króna. Að öllu jöfnu tengist umsóknin undangenginni vöruþróun í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækisins fyrir sömu afurðir. Hægt er að sækja um styrk vegna sérstaks markaðsátaks en einnig uppbyggingu innviða fyrirtækisins svo sem vegna grunnstoða reksturs í formi hugbúnaðarkerfa og annarra þátta sem færa má rök fyrir. Nauðsynlegt er að ítarleg viðskiptaáætlun með framtíðaráformum fylgi.

Verkefni eru einungis styrkt til eins árs að hámarki 10 milljónir. Gerð er krafa um 50% mótframlag umsækjenda.

## Almennt

Verkefni sem hljóta framlög skulu fela í sér einn eða fleiri eftirfarandi þætti:

- Skilgreinda hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan áætlaðan ávinning af rannsóknar- og þróunarstarfi.
- Rannsóknir og þróun nýrra eða endurbættra afurða og þjónustu.
- Smíði tæknilegra frumgerða til þess að prófa og endurbæta tæknilega eiginleika.
- Smíði frumgerða til að staðfesta viðbrögð á álitlegum markaðssvæðum.
- Gerð viðskiptaáætlunar, þ.m.t. markaðsathuganir.
- Uppbyggingu innviða fyrirtækis

Við lok stuðningsárs skal skila lokaskýrslu á umsömdum skiladegi sé um eins árs verkefni að ræða en áfangaskýrslu og endurskoðaðri verk- og fjárhagsáætlun sé um fleiri ára verkefni að ræða. Við skil á áfanga- og lokaskýrslum skal einnig skila inn nýjasta ársreikningi fyrir fyrirtækið ásamt kostnaðar- og verkbókhalda fyrir stuðningsárið. Sé framvinda í samræmi við áætlanir og forsendur fyrsta framlags óbreyttar getur sjóðurinn veitt framhaldsstuðning.

## 5. Umsókn og faglegt mat

Forsenda þess að umsókn sé metin hæf til faglegs mats er að hún byggi á vel mótaðri hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Gerð er krafa um að fullnægjandi grein sé gerð fyrir einstökum liðum í umsókn þannig að unnt sé að leggja faglegt mat á hana.

Umsóknum sem ekki uppfylla kröfur verður vísað frá.

## Faglegt mat

Fagrað, sem annast faglegt mat, kannar fyrst hvort viðkomandi verkefni feli í sér framþróun og nýnæmi á tæknisviði og/eða markaðssviði. Framþróun eða nýnæmi umsóknar eða verkefnis þýðir að notaðar eru óþekktar aðferðir, lofað nýjum afrakstri eða frumlegum niðurstöðum en oft er þá tæknileg/markaðsleg óvissa umtalsverð í verkefninu.

Fagrað mun m.a. skoða hvort umsækjendur hafi gert eða látið gera könnun á frelsi til athafna á viðkomandi tæknisviði og á þeim markaðssvæðum sem stefnt er á. Í þessu felst athugun á því hvort aðrir eigi eða hafi sótt um einkaleyfi eða hvort aðrar tæknilegar eða viðskiptalegar hindranir standi í vegi fyrir því að unnt sé að hagnýta afurðina eða aðferðina á þessum markaðssvæðum.

Tækniþróunarsjóður er ekki áhættufælinn en óskar eftir að umsækjendur geri sér grein fyrir óvissunni og reyni að lágmarka hana. Umsókn sem felur það eitt í sér að nota eigi þekktu aðferð, viðurkennt efni eða hefðbundna tækni við úrlausn nýs viðfangsefnis uppfyllir ekki kröfur sjóðsins um nýnæmi. Fagrað getur vísað slíkri umsókn frá frekara faglegu mati.

Fagrað mun byggja mat sitt á nýnæmi, líkum á árangri, almennum þjóðhagslegum gildum og væntingum um afrakstur í formi veltu afurða og virðis fyrir íslenska notendur afurðanna.

Hægt er að nálgast matsblað fagraða á Excel-sniði, á heimasíðu Rannís.

## Umsókn

Umsækjandi þarf að gera ítarlega verkáætlun og gera góða grein fyrir þeim afurðum sem verkefninu er ætlað að skila, hvernig þær eru hagnýttar og hverjir séu líklegir notendur þeirra afurða. Þá er nauðsynlegt að umsækjendur geri áætlun um sölu og markaðssetningu þessara afurða í formi viðskiptaáætlunar eða ígildi hennar, en líta má á umsóknareyðublaðið sem ígildi viðskiptaáætlunar. Þeir sem þegar hafa gert góða viðskiptaáætlun fyrir verkefnið geta að sjálfsögðu lagt hana fram sem fylgiskjal, en þurfa engu að síður að fylla inn í umsóknareyðublaðið. Auk þess þarf að færa inn lykiltölur um veltu og verðmæti fyrir notendur, sjá Excel skjal sem er viðhengi umsóknareyðublaðsins. Umsóknir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að verða ekki vísað frá:

- Verkefnið verður að vera innan starfsviðs sjóðsins.
- Lýsing á stöðu þekkingar verður að vera fullnægjandi.
- Markmiðslýsing þarf að vera fullnægjandi.
- Verk- og tímaáætlun þarf að vera fullnægjandi.
- Drög að viðskiptaáætlun og kostnaðarútreikningar þurfa að vera fullnægjandi (hámarkslengd verklýsingar/viðskiptaáætlunar er 25 blaðsíður, sjá neðar).



Verkefnislýsing og viðskiptaáætlun er metin í heild sinni, en sérstök áhersla verður lögð á forsendur; hvernig þær eru reiknaðar, raunhæfni og hversu vel þær eru skilgreindar. Þetta mat er huglægt og má segja að matsmenn setji sig hér í spor fjárfesta þar sem litið er til möguleika á arðsemi og ennfremur í spor stjórnámálanna sem líta til þjóðhagslegrar verðmætasköpunar. Gerð er sú krafa til umsækjenda að verkefnislýsingin og viðskiptaáætlunin sé greinargóð og fagráðsmenn geti metið verkefnið samkvæmt þeim upplýsingum sem þar koma fram. Ef fagráðsmenn geta ekki gert sér grein fyrir verkefninu með lestri á verkefnislýsingunni og viðskiptaáætluninni er umsókn vísað frá. Sé misræmi milli rafrænnar skráningar og þess sem fram kemur í verkefnislýsingunni og viðskiptaáætluninni eða útreikningaskjalinu gildir það sem fram kemur í rafrænu skráningunni.

**Verkefnislýsing og viðskiptaáætlun skal ekki vera lengri en 25 blaðsíður að viðbætti forsiðu, fyrirvörum, samantekt, efnisyfirliti og kostnaðaryfirliti. Nota skal að lágmarki 11 punkta Times, Times New Roman, Calibri (body) eða sambærilegt. Spássíur skulu ekki vera minni en þær sem gefnar eru í sniðmáti á heimasíðu Rannís.**

Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni s.s. skýrslum, myndbandi eða öðru sem styður við umsóknina. Hér er þó um viðbótar fylgigögn að ræða og því er ætlast til að umsækjendur vísi í þau, t.d. blaðsíðutal, þegar við á og skýri á hvern hátt þau styðja við umsóknina.

**Hámarksstærð hvers viðhengis er 10 MB.**

Meðal fylgigagna sem umsækjendum gefst kostur á að skila inn er myndband, þar sem þeir hafa möguleika á að kynna verkefnið enn frekar fyrir matsmönnum. Myndbandið má að hámarki vera 5 mínútur að lengd. Myndbandið gefur umsækjendum kost á að gefa matsmönnum sýn á verkefnið sem hugsanlega er erfitt að koma á framfæri í texta. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa myndbandið hnitmiðað. Myndbandinu má skila inn á geisladiskum (DVD, CD), usb lyklum eða sem hlekkur á myndband á vefsíðu. Gæta þarf þess að myndbandið sé á aðgengilegu sniði. Myndbandið má senda í pósti eftir að búið er að skila umsókninni, en það skal þó hafa borist innan viku frá því umsóknarfresti lauk.

Matsmenn gefa umsókn einkunn út frá þeim 4 þáttum sem er lýst hér að neðan og verður grundvöllur niðurröðunar fagráðs. Stjórn sjóðsins setur reglur um hvernig vægi þessara þátta er metið innbyrðis fyrir hvern umsóknarflokk. Nánari skýringar á mati má sjá á matsblaði.

### **Nýnæmi (N)**

Nýnæmi er skilgreint sem breyting á þekktum forsendum sem leiðir til aukinnar verðmætasköpunar á markaði. Skilgreiningin felur í sér nauðsyn þess að skýra stöðu þekkingar, tækni og verklags á sviðinu og hvernig þessir þættir tengjast nýjum þörfum og tækifærum á markaði. Nýnæmi verkefnis er þannig mælikvarði á áhrif verkefnisins á forsendur til að ná forskoti á markaði á grundvelli nýrra lausna, aðferða, búnaðar, þekkingar, tækni eða verklags sem eru afurðir verkefnisins.

## Líkur á árangri (L)

Með líkum á árangri er leitast við að meta heildarlíkurnar á því að verkefnið nái fram að ganga eins og aðstandendur verkefnisins hafa lýst því og að afurð nái á markað. Sérstaklega er litið til eftirfarandi þátta:

- Líkur á að verkefni ljúki í samræmi við verk-, tíma- og kostnaðaráætlun.
- Líkur á því að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegi lausn.
- Líkur á að bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður séu til staðar eða hægt sé að skapa þær forsendur, sem lagt er upp með.

## Verðmæti (V)

Það skiptir miklu máli varðandi mat á verkefnum hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir afurðir þess og verðmæti. Verðmæti verkefnisins er skilgreint út frá 2 þáttum; velta umsækjenda metin til núvirðis og verðmæti fyrir innlenda notendur. Með innlendum verðmætum er átt við þau verðmæti sem skapast innanlands vegna notkunar eða framleiðslu á vörunni.

Rík áhersla er lögð á að umsækjendur geri góða grein fyrir væntingum sínum varðandi sölu afurða verkefnisins og verðmæti þeirra fyrir íslenska notendur á heildartímanum frá því að verkefnið hefst þar til líftíma afurðanna lýkur. Að öllu jöfnu byrjar tekjustreymi ekki fyrir en á öðru eða þriðja ári og hvatt er til að gera áætlun til tíu ára samtals. Þó er hægt að gera áætlun til allt að 20 ára þegar verkefnin eru þess eðlis að tekjustreymi byrjar ekki fyrir en á fimmta til tíunda ári. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir hvernig magntölur, verð og virði fyrir notendur er reiknað. Það er vissulega oftast bundið mikilli óvissu að horfa svona langt fram í tímann, en engu að síður mikilvægt að skapa mynd af þeim markaðslega árangri sem umsækjandi telur raunhæft að ná, ef tæknileg markmið þróunarverkefnisins ganga eftir.

Í viðskiptaáætlun er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið yrði að því að koma afurðum á markað og þjónustu við viðskiptavinum. Mikilvægt er að gera sem besta grein fyrir samkeppnisstöðu, áhættu, óvissu og hvernig umsækjendur hyggjast bregðast við þeim veikleikum sem blasa við í því sambandi.

## Önnur gildi

Hér er um huglægt mat á öðrum gildum verkefnisins að ræða og tengslum við áherslur sjóðsins og stefnumótun Vísinda- og tækniráðs. Hér er einkum horft til þátta sem ekki eru metnir til fjár, önnur tækifæri (spinn-off), þekkingarverðmæti eða gildi fyrir land og þjóð t.d. til að verja mikilvæga hagsmuni. Lagt er mat á eftirfarandi verðmæti:

- Þekkingarverðmæti og spinn-off (önnur tækifæri).
- Gildi fyrir samstarf skóla, stofnana og atvinnulíf.
- Gildi fyrir alþjóðlegt samstarf.
- Gildi fyrir aðild sprotafyrirtækja.

- Afurðin sem útflutningsvara
- Annað gildi fyrir land og þjóð (t.d. þjóðarhagsmunir, ný störf, o.s.frv.).

## Reiknireglur í matsferli fagráðs

Útreikningur á heildareinkunn verkefnis út frá matsgildum fagráðs:

$$\text{Heildareinkunn} = (a*N+b*VV+c*G)*(1+L)$$

Þar sem N er nýnæmi, VV er verðmætamat sem er varpað á skalann 0 til 1 skv. formúlunni ( $VV = \ln(\text{verðmætamat}) - (\ln(100)/4.5)$ ), G er önnur gildi og L er líkur á árangri. Stuðlarnir a, b og c eru vægi á matsgildi við útreikninga á heildareinkunn verkefnisins samanber töflu hér að neðan:

	a	b	c
Flokkur styrks	Nýnæmi (N)	Verðmætamat (VV)	Önnur gildi (G)
Verkefnisstyrkur	30%	40%	30%
Frumherjastyrkur	50%	25%	25%
Markaðsstyrkur	20%	50%	30%

Fagráð raðar verkefnum í hverjum flokki í samræmi við heildareinkunn verkefna. Matsgildi og niðurstöður reiknireglunnar eru til leiðbeiningar fyrir stjórn sjóðsins.

## Ákvörðun um úthlutunir

Áður en fagráð gengur frá umsögnum til stjórnar Tækniþróunarsjóðs ræða fagráðsmenn, ef þurfa þykir, sérstök álitamál sem kunna að hafa komið upp. Fagráð skulu með aðstoð starfsmanna Rannís leitast við að samræma matsreglur og einkunnagjöf í samræmi við reglur stjórnar. Í sérstökum tilfellum er fagráðum heimilt að leita sérfræðialits vegna umsókna sem fagráð telur sig ekki hafa rétta þekkingu til að meta. Gert er ráð fyrir að talsmenn fagráða veiti stjórn sjóðsins upplýsingar eftir því sem þörf krefur.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs fær til umfjöllunar þær umsóknir sem hafa hlotið hæst mat fagráðs. Aðrar umsóknir eru kynntar fyrir stjórninni og getur hún tekið þær til nánari skoðunar og endurmats ef tilefni er til þess. Listi yfir umsóknir, sem eru metnar ófullnægjandi eða utan verksviðs, er lagður fyrir stjórn.

Stjórnin byggir á mati fagráða en getur leitað umsagnar annarra, t.d. annarra sjóða, ef þurfa þykir. Stjórnin tilgreinir með örfáum orðum rökin fyrir veitingu framlaga og/eða höfnun umsókna sem teknar eru til umfjöllunar. Nánari upplýsingar um reglur um fagráð er að finna á heimasíðu Rannís ([www.rannis.is](http://www.rannis.is)).

Stjórn sjóðsins tekur tillit til eins eða fleiri eftirfarandi atriða við ákvarðanir sínar:

- Afrakstur verkefnanna getur leitt til fjárhagslegs ávinnings í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Verkefnið byggir á og eykur þekkingu og færni í íslensku þróunarumhverfi og atvinnulífi.
- Samvinna rannsóknastofnana og/eða háskóla og fyrirtækja er snar þáttur í verkefninu enda byggt á sérþekkingu þeirra.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki standa að verkefninu.
- Alþjóðleg samvinna.

Aðkoma sjóðsins getur aldrei orðið meiri en sem nemur fjármögnun helmings af styrkhæfum heildarkostnaði verkefnisins, þó með þeim undantekningum sem er lýst hér að framan.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrki eru endanlegar á stjórnarsýslustigi sbr. 13. gr. laga nr. 75/2007.

### Framhaldsverkefni

Verkefni, sem eru til tveggja eða þriggja ára, eru samþykkt til eins árs í senn og þarf umsækjandi að sækja um framhaldsstyrk, sjá nánar um áfangaskýrslu hér aftar. Við mat á framhaldsverkefnum er höfð hliðsjón af framvindu, þ.e.a.s.:

- Framvindu undanfarið ár miðað við upprunaleg markmið og tæknilegar vörður í verkefninu. (Varða er skref að áfanga, ein varða eða fleiri geta verið í áfanga.)
- Mati á líkum þess að markmið (afrakstur) verkefnisins náist.
- Hvernig umsækjandi hyggst taka á breytingum á verkáætlunum þar sem það á við.

### Trúnaður og vanhæfi

Allir þeir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna hjá Tækniþróunarsjóði eru bundnir þagnarheiti. Ennfremur fylgir sjóðurinn reglum um vanhæfi. Í rafrænni skráningu umsóknar er hægt að taka fram ef sérstaklega er óskað eftir því að ákveðnir einstaklingar lesi ekki yfir umsóknina.

### Samþykkt verkefnis eða synjun

Svarbréf með umsögn fagraðs er sent verkefnisstjórum umsókna. Gert er ráð fyrir að fulltrúar sjóðsins yfirfari umsóknir og kostnaðaráætlanir með verkefnisstjórum og leiti skýringa á öllum kostnaðarliðum áður en gengið verður frá samningi.

Drög að samningi milli verkefnisstjóra og Tækniþróunarsjóðs sendast rafrænt til verkefnisstjóra. Verkefnisstjórar hafa að hámarki 2 mánuði frá dagsetningu svarbréfsins til að ganga frá samningnum. Að þeim tíma loknum færast framlagið aftur til Tækniþróunarsjóðs sé ekki um annað samið.

## 6. Samningar um framkvæmd verkefna

Tækniþróunarsjóður gerir samninga um framkvæmd verkefna þar sem hlutverkaskipti sjóðsins og þeirra er hljóta framlag eru skilgreind. Í samningnum er gerð grein fyrir samskiptareglum og hvernig tekið skuli á ágreiningsmálum. Samþykkt umsókn er hluti af samningi. Öll verkefni fá úthlutað númeri til nota í öllum samskiptum Rannís og viðtakanda.

Kveðið er á um greiðslu framlaga sjóðsins og hverju viðtakandi framlags ber að skila á tilteknum skiladögum. Standi viðtakandi framlags ekki við skuldbindingar sínar er tilgreint hvernig tekið verður á því. Séu vanefndir umtalsverðar verður framlagið dregið til baka og krafist endurgreiðslu þess til sjóðsins.

Skuldbindingar Tækniþróunarsjóðs geta ekki gengið lengra en sem nemur framlagi til sjóðsins á fjárlögum. Styrkir til framhaldsumsóknna eru háðir áframhaldandi framlögum á fjárlögum til Tækniþróunarsjóðs.

Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart Tækniþróunarsjóði á framkvæmd samningsins, jafnt fjárhagslega sem verklega. Starfsmenn sjóðsins svara ekki fyrirspurnum vegna tiltekinna verkefna nema frá verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri getur tilkynnt að nýr einstaklingur hafi tekið við stöðu hans. Ef um samstarfsverkefni er að ræða skulu allir meðumsækjendur í samstarfsverkefnum staðfesta nýjan verkefnisstjóra og þarf sú tilkynning að berast sjóðnum til staðfestingar.

## 7. Eignarréttur á niðurstöðum

Þátttakendur í samstarfsverkefnum sem studd eru af sjóðnum skulu gera samning sín í milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum. Hægt er að fá drög að slíkum samningi hjá starfsmönnum Rannís.

Almenn regla er að eignar- og nýtingarréttur á niðurstöðum og afrakstri sé í samræmi við framlag hvers og eins. Viðtakendum framlaga sjóðsins ber eins og kostur er að vernda eignar- og nýtingarrétt niðurstaðna enda er forsenda framlaga sjóðsins að verið sé að vinna að nýsköpun sem skilar þjóðfélaginu arði og atvinnulífinu aukinni samkeppnishæfni. Sé stuðningur dreginn til baka vegna vanefnda eignast sjóðurinn allar niðurstöður verkefnisins sem skilað hefur verið til hans og getur hann þá birt þær kvaðalaust.

## 8. Eftirfylgni verkefna og greiðslur

Rannís annast eftirfylgni verkefna og greiðslur framlaga í umboði stjórnar Tækniþróunarsjóðs. Við eftirfylgni samþykktra verksamninga notar Tækniþróunarsjóður (Rannís) þrjár tegundir skýrslna auk samnings: Framvindu-, áfanga- og lokaskýrslur. Skýrslunum er skilað til Tækniþróunarsjóðs á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Rannís (<http://rannis.is/sjodir/taeknithrounarsjodur/umsokn-og-upplýsingar/>).

Greiðslur úr Tækniþróunarsjóði eru háðar framvindu verkefnanna samkvæmt skýrslum og mati Rannís.

## Framvinduskýrsla

Skila ber einni framvinduskýrslu á miðju tímabilinu. Á framvinduskýrslu kemur fram yfirlit yfir áfallinn heildarkostnað á tímabilinu. Kostnaðaryfirlitið skal byggja á greinargerðum frá hverjum og einum þátttakanda undirritað og staðfest af verkefnisstjóra. Gera skal grein fyrir framvindu verkefnisins. Þar eru vörður og áfangar sem verkefnisstjóri og umsjónarmaður verkefnisins hjá Rannís samþykktu þegar samningur um verkefnið var undirritaður. Samþykki umsjónarmaður verkefnisins hjá Rannís framvinduna er greiðsla heimiluð.

## Áfangaskýrsla / Ársskýrsla

Áfangaskýrslu, undirritaðri af verkefnisstjóra, skal skila í lok samningsárs þegar um er að ræða verkefni er hlotið hefur framlag til tveggja eða þriggja ára. Áfangaskýrslan er ígildi framhaldsumsóknar, sem skal metin af umsjónarmanni verkefnisins hjá Rannís og gerir hann tillögu um afgreiðslu til stjórnar. Í lok samningsárs skal, ásamt áfangaskýrslu, skila verkbókhaldi fyrir verkefnið þar sem talinn er kostnaður vegna einstakra verkþátta, heildarkostnaður verkefnisins og framlög þátttakenda þar með talið vinnuframlag auk nýjasta ársreikningi fyrirtækisins. Kostnaðarbókhald skal vera útprentaður hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðað kostnaðaruppgjör vegna verkefnisins.

## Lokaskýrsla

Lokaskýrsla, undirrituð af endurskoðanda fyrirtækis/stofnunar og verkefnisstjóra, skal veita greinargott yfirlit yfir framvindu verkefnisins, hindranir og hvata og lýsa vel niðurstöðum (afrakstri) verkefnisins. Meðfylgjandi skal vera útprentaður hreyfingalisti úr bókhaldi og/eða sundurliðuðu kostnaðaruppgjóri vegna verkefnisins, ásamt yfirliti yfir framlög allra þátttakenda þar með talið vinnuframlag og nýjasta ársreikning fyrirtækisins. Greint skal einnig frá hvernig þátttakendur hyggjast nota niðurstöðurnar til frekari framþróunar. Með lokaskýrslu skal fylgja stuttur útdráttur sem sjóðnum er heimilt að birta í skýrslu um starfsemi sína og á heimasíðu Rannís.

## Framlög til verkefna

Sé ekki um annað samið er framlag greitt í þrennu lagi:

1. greiðsla - 40% þegar samningur er undirritaður ef um nýtt verkefni er að ræða. Sama gildir um framhaldsverkefni að því tilskyldu að skilað hafi verið áfangaskýrslu fyrra árs.
2. greiðsla - 40% þegar framvinduskýrsla hefur verið samþykkt. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

3. greiðsla - 20% þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt eða áfangaskýrsla samþykkt sé um framhaldsverkefni að ræða. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

## 9. Forverkefni

Tilgangur forverkefna er að undirbúa og kanna forsendur nýrra verkefna og/eða undirbúa verkefni sem falla undir verksvið Tækniþróunarsjóðs með það að markmiði að umsókn í Tækniþróunarsjóð fylgi í kjölfarið ef verkefnið gengur vel. Enginn sérstakur umsóknarfrestur er tilgreindur. Umsóknir eru að öllu jöfnu afgreiddar þegar stjórn kemur saman. Stjórn sjóðsins úthlutar forverkefnisstyrkjum án utan að komandi mats. Forverkefnin sem studd verða geta verið þrenns konar:

- Undirbúningur nýsköpunar- og tækniþróunarverkefna. Að kanna tæknilegar og/eða viðskiptalegar forsendur nýrra áhugaverðra hugmynda t.d. hvort einkaleyfi eða aðrar hindranir komi í veg fyrir markaðssetningu.
- Könnun á markaðslegu gildi uppfinninga og nýsköpunarverkefna. Að kanna hvort t.d. ný uppfinning eða frumleg hönnun gæti leitt til árangurs á markaði.
- Öflun erlendra samstarfsaðila. Að styðja fyrirtæki o.fl. sem vinna að nýsköpun til að byggja upp fyrirtækjanet um samstarf á sviði rannsókna og þróunar og síðar markaðssetningar erlendis.

Upphæð hvers framlags til forverkefnis getur að hámarki orðið 1.000 þús. kr. gegn jafnháu framlagi umsækjanda og verkefninu skal ljúka innan 6 mánaða frá samþykkt stjórnar sjóðsins.

Sé ekki um annað samið eru slík framlög greidd í tvennu lagi:

1. greiðsla - 50% þegar undirrituðum samningi er skilað til Rannís.
2. greiðsla - 50% þegar lokaskýrsla er samþykkt.

## 10. Leiðbeiningar við gerð á kostnaðaryfirliti

Vakin er athygli á að verkefnisstjóri ber ábyrgð á að haldið sé sérstakt kostnaðarbókhald hjá hverjum þátttakanda fyrir verkefni er hljóta stuðning Tækniþróunarsjóðs. Verkefnistjórinn skal á hverjum tíma hafa yfirlit yfir heildarkostnað verkefnisins. Endurskoðandi eða aðili sem er ábyrgur fyrir fjármálum verkefnisins skal veita Rannís aðgang að þessum bókhaldsgögnum þegar þess er óskað.

### Viðurkenndir kostnaðarliðir eru:

- Laun og launatengd gjöld
- Rekstrarvörur og efni o.fl.

- Aðkeypt þjónusta
- Ferðir og fundir
- Afskriftir áhalda og tækja
- Samrekstur og aðstaða

## Einstakir kostnaðarliðir:

### Laun og launatengd gjöld

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn (þátttakendur) vinna í verkefninu.

- Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa.
- Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum.
- Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa.

Í umsókn skal sýna í töflu heiti starfsmanna er vinna í verkefninu meira en 100 manntíma, hæfniskröfur þeirra, fjölda manntíma á stuðningsárinu, einingarverð vinnutíma að viðbættum launatengdum gjöldum og heildarlaunakostnað hvers umsækjanda.

### Rekstrarvörur

Upplýst skal um aðföng fyrir verkefnið. Sé um að ræða almennar rekstrarvörur tengdar rannsókn- og þróunarstarfsemi er fullnægjandi að lýsa rekstrarvörunum stuttlega og áætla samtölu kostnaðar. Sé á hinn bóginn um sérhæfðar rannsóknir að ræða þar sem þörf er á dýrum rekstrarvörum eins og oft á sér stað í líftækni- og lyfjarannsóknum eða vegna tilraunaframleiðslu skal upplýsa um vöruflokka, einingarverð og afhendingarskilmála.

### Aðkeypt þjónusta

Lýst skal aðkeyptri þjónustu undir þessum lið hvort heldur sem hún er unnin af stofnun eða fyrirtæki sem jafnframt er umsækjandi eða öðrum rekstraraðilum. Gerð skal grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu eða ráðgjöf, hvers vegna hún er keypt af viðkomandi aðila, hvað þjónustan kostar, hver sé hinn skilgreindi afrakstur og hverjir eru afgreiðsluskilmálar. Hér er heimilt að tilgreina kostnað vegna áritunar endurskoðanda á lokaskýrslu verkefnis.

### Ferðir og fundir

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum bæði utanlands og innanlands, hver er tilgangur ferðanna, hvert farið er og hvað ferðirnar kosta.

### Afskriftir áhalda og tækja

Sjóðurinn styður ekki kaup á tækjum og búnaði. En sjóðurinn getur tekið þátt í að greiða kostnað vegna afskrifta sérhæfðra tækja og búnaðar sem afla þarf vegna verkefnis. Þessi stuðningur nær þó ekki til almennra skrifstofu- og rannsóknartækja. Gera þarf ljósa grein fyrir þörfinni á umræddum tækjum og búnaði og skýra hvers vegna umræddur kostur er valinn.

Dæmi um þetta gæti verið:



Umrædd tæki og búnaður kostar t.d. 4 milljónir króna og eðlilegur afskriftatími rannsóknartækja og búnaðar er fjögur ár. Sjóðurinn styður verkefnið í þrjú ár. Inn á liðinn “Afskriftir áhalda og tækja” eru þá færðar 1 milljón króna á ári í þrjú ár vegna stofnkostnaðar þessara tækja og búnaðar. Annan kostnað af tækjakaupum þessum verður umsækjandi að greiða sjálfur.

Undanþágu frá þessari reglu má gera ef um er að ræða tilraunaframleiðslu í fyrirtækjum sem ekki eiga kost á styrk úr Innviðasjóði og framgangur verkefnisins er algjörlega háður tilteknum sérhæfðum búnaði.

### **Samrekstur og aðstaða – óbeinn kostnaður (e. Overhead)**

Óbeinn kostnaður eða samrekstur er fastur kostnaður sem ekki er beint tengdur einstökum verkefnum, en verður til vegna starfsemi rekstraraðilans. Um er um að ræða kostnað vegna húsnæðis svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, tölvu- og netkostnað, rekstur eigin gagnabanka þ.m.t. lífsýnabankar. Fleiri liðir geta komið til álita sem hluti af óbeinum kostnaði en gera þarf skýra grein fyrir þeim, ef taka á tillit til þeirra.

Umsækjendur geta valið um tvær leiðir til að reikna kostnað vegna samrekstrar.

- Leið 1: Samrekstur sem hlutfall af launakostnaði.
- Leið 2: Samrekstur sem hlutfall af heildarkostnaði að frádreginni aðkeyptri þjónustu.

#### ***Leið 1. Samrekstrarkostnaður sem hlutfall af launakostnaði***

Samrekstrarkostnaður, sem hlutfall af launakostnaði, miðast einvörðungu við rekstur rannsókn- og þróunardeilda eða rannsóknæininga stofnana, háskóla eða fyrirtækis.

Kostnaður vegna deilda sem tengjast kennslu, sölustarfsemi eða ráðgjöf er ekki hluti af viðurkenndum heildarkostnaði og getur því yfirleitt ekki komið inn sem hluti samrekstrar og aðstöðu (e. overhead). Rannsóknastofnanir þar sem kennsla eða endurmenntun er mikilvægur hluti starfseminnar geta þó tekið þessa starfsemi sem hlutfall viðkomandi deildar, sem er þátttakandi í verkefnum, af heildarsamrekstrarkostnaði stofnunarinnar, en ekki hluta sölustarfsemi eða ráðgjafar í samrekstri.

Hvað telst óbeinn kostnaður í verkefnum studdum af sjóðnum er háð samþykki Rannís. Velji umsækjandi að nota þessa leið skal greinargerð um samrekstrarkostnað undirrituð af endurskoðanda stofnunar, háskóla eða fyrirtækis fylgja umsókn. Sjóðurinn viðurkennir t.d. ekki hagnað, vaxtatekjur, rekstartap og vexti á eigin fé sem hluta af óbeinum kostnaði. Sjóðurinn viðurkennir ekki heldur útseldan tímataxta sem kostnaðargrunn umsókna. Sjóðurinn viðurkennir ekki kostnað vegna eftirmenntunar starfsmanna sem hluta af óbeinum kostnaði þótt nauðsynlegur sé. Þessa liði verða aðrir að greiða.

Dæmi:

Óbeinn kostnaður eða yfirstjórnarkostnaður sem hlutfall af launakostnaði.

Ef launakostnaður er 1.000.000 kr. og hlutfall óbeins kostnaðar 80% verður kostnaður vegna samrekstrar og aðstöðu 800.000 kr.

### **Leið 2. Samrekstur byggður á 20% reglunni.**

Aðrir umsækjendur en hér að ofan greinir, og þeir sem telja það einfaldara, geta valið 20% regluna. Þar er notaður heildarkostnaður að frádreginni aðkeyptri þjónustu margfaldaður með 0,2 og þá fæst samrekstrarkostnaður sem sjóðurinn samþykkir. Aðkeypt þjónusta reiknast ekki með í 20% reglunni. Gera þarf sérstaka grein fyrir viðskiptakjörum á dýrum rekstrarvörum.

### **Hvaða kostnað styrkir Tækniþróunarsjóður?**

Forsenda þess að umsókn sé metin af fagraði er að hún byggir á velmótaðri hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning. Kostnaður og fjármögnun þarf að vera í samræmi við reglur sjóðsins.

Stuðningur sjóðsins getur verið allt að 50% af viðurkenndum heildarkostnaði verkefnis. Fyrir frumherjastyrki getur stuðningur sjóðsins verið allt að 75% af viðurkenndum heildarkostnaði verkefnisins.

Viðbótarkostnaðarliðir sem sjóðurinn viðurkennir ekki að geta verið kostnaðarliðir sem umsækjendur telja að leggja þurfi til nýsköpunarinnar til viðbótar við samþykka kostnaðarliði sjóðsins til að ná þeim tæknilega og/eða viðskiptalega árangri sem að er stefnt, þ.m.t. fjárfesting í framleiðslutækjum og búnaði, markaðsfærsla og sölustarfsemi.

Æskilegt getur verið að skýra þennan kostnað sérstaklega svo að fagrað fái gleggri mynd af því hvernig umsækjendur meta nýsköpunarmöguleikana sem um er að ræða.

Reglur um viðurkenndan kostnað við undirbúning markaðsfærslu og sölustarfsemi hafa verið rýmkaðar þannig að fyrir verkefnastyrki nú má færa kostnað allt að 15 milljónir vegna uppbyggingu innri starfsemi, sem er nauðsynleg til frekari framrásar og aðkomu fjárfesta, dæmi um það er markaðssókn, gæðakerfi og t.d. skipulag framleiðslu í litlum þróunar-/sprotafyrirtækjum.

### **Viðurkenndur heildarkostnaður sem sjóðurinn fjármagnar:**

- Rannsóknar- og þróunarþættir (þ.m.t. hönnun) í framleiðslu vöru og þjónustu að teknu tilliti til nýnæmis og frumleika.
- Uppbygging þekkingar og færni til að fást við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, þ.m.t. hönnun í þágu nýsköpunar.
- Gerð viðskiptaáætlana, markaðskannana og önnur frumvinna. Þessi frumvinna getur til dæmis verið grunnvinna fyrir kynningarefni um sprotafyrirtæki, framleiðslu þess, fundir eða kynningar fyrir framtaksfjárfesta, sem getur leitt til þess að sprotafyrirtæki

verði markaðshæft eða er forsenda fyrir aðkomu framtaksfjárfesta að nýsköpunarverkefnum.

- Þróun og smíði fárra sýniseintaka vöru og/eða þjónustu sem ætluð eru til rannsókna og prófana á tæknilegum eiginleikum enda sé í umsókn lýst hvernig staðfesta á þá eiginleika.
- Þróun og smíði fárra sýniseintaka vöru og/eða þjónustu sem ætluð eru til markaðskannana enda sé í umsókn lýst hvernig staðið verður að slíkri tilraunasölu og hún fjármögnuð.
- Mat á nýnæmi og einkaleyfishæfni og umsóknir til EPO (Evrópsku einkaleyfastofunnar) eða ELS (Einkaleyfastofunnar).

### Sjóðurinn fjármagnar ekki:

- Fjárfestingu í hræfnum þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru hlutar af afurð eða þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Fjárfestingu í sjálfu framleiðsluferlinu og umhverfi þeirra þ.m.t. húsnæði og tækjabúnaði til framleiðslu afurða og þjónustu sem ætluð er til sölu.
- Sjóðurinn styður ekki markaðsfærslu og sölustarfsemi umfram framangreint.
- Skuldir, vexti og lántökukostnað sem er tilkominn áður en styrkár hefst.
- Sjóðurinn styður ekki umsóknir um einkaleyfi í einstökum löndum og umsýslu með veittum einkaleyfum.

Sjóðurinn samþykkir ekki kostnað sem fallið hefur á verkefni áður en umsókn er lögð inn hjá sjóðnum, þ.m.t. mótframlag þátttakenda.